

Umsókn um styrk

Sendandi: Sigurþóra Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Bergsins headspace f.h. Samtaka um stuðningssetur fyrir ungt fólk, kt. 431018-0200.

Viðtakandi: Hildigunnur Árnadóttir, forstöðumaður Fjölskyldusviðs Garðabæjar.

Dagsetning: 16.09.2019

Efni: Umsókn um styrk til reksturs Bergsins headspace.

Sótt er um 1.600.000 krónur

Bergið headspace er stofnað af grasrótarsamtökum sem vildu brúa bil í þjónustu við ungmenni upp að 25 ára, þar sem of margir detta á milli kerfa. Rannsóknir sýna að þessi aldurshópur sækir sér ekki mikla hjálp fyrr en vandinn er orðinn mikill. Kerfin geta líka verið flókin og afmörkuð við tilteknar greiningar eða vanda sem gerir það að verkum að erfitt er að fá heildstæða þjónustu. Bergið vill ná til ungmenna fljótt og vel, helst áður en vandinn er orðinn mikill eða flókinn. Við erum í samstarfi við slíkar þjónustur erlendis við mótun starfs Bergsins, það er Headspace í Ástralíu (sjá www.headspace.org.au) og Headspace í Danmörku (sjá www.headspace.dk).

Þjónusta okkar er þannig uppbyggð að ungmenni, upp að 25 ára, geta komið, hringt, haft samband í vefspjalli eða óskað rafrænt eftir þjónustu. Þau fá viðtal við ráðgjafa sem að metur vandann, aðstoðar ungmennið við að átta sig á því hver vandinn er, ráðleggja um það sem þau geta gert og ef þörf er á, hjálpað ungmennum við að fá meðferð eða aðstoð annars staðar í kerfunum. Einnig er boðið upp á ýmis konar hópastarf og fræðslu sniðna að þörfum ungmennanna okkar.

Áhersla er lögð á að vera með gott og virkt samstarf við aðila innan kerfa s.s. félagsþjónustur sveitafélaga, barnaverndir, heilbrigðiskerfi, framhaldasskóla, lögreglu og starfsendurhæfingar. Bergið hefur verið í sambandi við og farið af stað í samstarf við marga aðila innan þessara kerfa. Sem dæmi þá er farið af stað samstarfsverkefni milli barnaverndar Reykjavíkur og Bergsins um verkferla og verklag. Einnig eru mörg önnur samstartsverkefni í burðarliðnum.

Fimm ráðuneyti hafa skuldbundið sig til að styðja við Bergið, sem tveggja ára tilraunaverkefni um 30 milljónir á ári. Þau ráðuneyti eru Félags- og barnamálaráðuneytið, Heilbrigðisráðuneytið, Mennta og menningarmálaráðuneytið, Dómsmálaráðuneytið og Samgöngu og sveitastjórnarráðuneytið. Að auki styrkti Reykjavíkurborg verkefnið um 9,5 milljónir á þessu ári.

Bergið headspace er til húsa að Suðurgötu 10 í Reykjavík og geta ungmenni sótt þjónustu þangað en einnig er boðið upp á fjarþjónustu í gegnum fjarþjónustuforritið Kara connect. Við munum einnig geta boðið upp á viðtöl í Hafnarfirði með haustinu. Starfandi ráðgjafar eru með breiða fagþekkingu og reynslu, einnig munu sjálfboðaliðar koma að starfi Bergsins.

Við teljum að Bergið headspace sé að fylla í skarð í þjónustubörf við ungt fólk á Íslandi. Með því að bjóða upp á aðgengilega og faglega þjónustu fyrir þennan hóp teljum við að hægt sé að koma í veg fyrir að ýmiskonar vandi verði óviðráðanlegri. Rannsóknir og reynsla annarra styðja við þessa nálgun okkar og því biðjum við um stuðning ykkar við að gera okkur þetta mögulegt.

Sótt er um 1,6 milljónir króna. Miðað er við að framlag Reykjavíkurborgar muni samsvara 100 krónum á hvern íbúa á ári og við þá tölu í umsókn til Garðabæjar. Ef við skoðum áætlanir um fjölda í þjónustu þá mætti áætla að um 30-40 ungmenni úr Garðabæ gætu leitað til Bergsins (sjá greinagerð). Bergið mun halda vel utan um búsetu þeirra sem til okkar koma og skila ítarlegri greinagerð um fjölda og árangur. Hjálagt er nánari greinagerð um starfssemi og aðstandendur verkefnis, auk fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.